

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/32/07

frá 19. janúar 2011

um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 117)

(2011/30/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

við áritanir endurskoðenda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrir fjárhagsár sem hefjast á tímabilinu frá 29. júní 2008 til 1. júlí 2010.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skrá alla endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil tiltekinna fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila utan Bandalagsins og eru með framseljanleg verðbréf sem eru skráð á skipulegan markað innan Bandalagsins. Í 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB er þess krafist að aðildarríkin setji slíka skráða endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja undir opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi.

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/627/EB frá 29. júlí 2008 um aðlögunartímabil fyrir endurskoðunarstarfsemi tiltekinna endurskoðenda og endurskoðunareininga í þriðja landi ⁽²⁾ gerði endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum frá þeim þriðju löndum sem tilgreind eru í viðauka við þá ákvörðun kleift að halda starfsemi sinni áfram í Evrópusambandinu í tengslum

3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram mat á opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja í þriðju löndum og á yfirráðasvæðum sem tilgreind eru í viðaukanum við ákvörðun 2008/627/EB. Matið fór fram með aðstoð Evrópuhóps eftirlitsaðila endurskoðenda (e. the European Group of Auditors' Oversight Bodies). Meginreglurnar sem gilda um opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja þeirra þriðju landa og yfirráðasvæða sem voru metin í ljósi viðmiðananna sem sett voru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB, sem gilda um opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja aðildarríkjanna. Lokamarkmið samvinnu á milli aðildarríkja og opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja í þriðju löndum á að vera að gagnkvæmt traust ríki á eftirlitskerfum landanna sem byggist á jafngildi kerfanna.

4) Í kjölfar slíks mats kemur í ljós að Ástralía, Kanada, Kína, Króatía, Japan, Singapúr, Suður-Afríka, Suður-Kórea og Sviss búa yfir opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja sem eru starfrækt samkvæmt svipuðum reglum og þeim sem settar eru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Því er við hæfi að telja opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja þessara þriggja landa jafngild opinberu eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja aðildarríkjanna.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 15, 20.1.2011, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 202, 31.7.2008, bls. 70.

- 5) Að því er varðar Suður-Afríku er farið fram á fyrirframsamþykki endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis í löggjöf þess, vegna flutnings upplýsinga frá lögbærum yfirvöldum í Suður-Afríku til lögbæru yfirvaldanna í aðildarríkjum. Sú krafa um fyrirframsamþykki getur valdið erfiðleikum við skilvirka framkvæmd 1. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Því skulu lögbær yfirvöld aðildarríkja krefjast þess að endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki falli frá rétti sínum til fyrirframsamþykkis við skráningu endurskoðanda og endurskoðunarfyritækja sem veita fyrirtækjum með réttarstöðu lögaðila áritun endurskoðanda í Suður-Afríku, þar til nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á löggjöf Suður-Afríku.
- 6) Bandaríki Ameríku búa yfir opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki sem eru starfrækt samkvæmt svipuðum reglum og þeim sem settar eru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Lögbær yfirvöld Bandaríkja Ameríku telja samt sem áður ekki að lokamarkmið samvinnu við aðildarríki sé að gagnkvæmt traust ríki við lögbær yfirvöld vegna opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki aðildarríkjanna. Svo fremi sem gagnkvæmt traust ríkir ekki, geta aðildarríki ekki beitt ákvæðum 1. mgr. 46. gr. að fullu til frambúðar varðandi endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrirtækja með réttarstöðu lögaðila í Bandaríkjum Ameríku. Því þarf að endurskoða opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki Bandaríkja Ameríku í þeim tilgangi að meta framvindu þess að gagnkvæmt traust náist. Af þessum sökum þarf að setja tímamörk á þessa ákvörðun og fellur hún úr gildi 31. júlí 2013 að því er varðar opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki Bandaríkja Ameríku.
- 7) Þegar framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun sem viðurkennir að opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í þriðja landi eða yfirráðasvæði séu jafngild að því er varðar 1. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB, geta aðildarríki ákveðið að beita henni ekki eða breyta á grundvelli gagnkvæmni 1. og 3. mgr. 45. gr., í tengslum við endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki viðkomandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis. Skilyrðin sem á að uppfylla til að beita ekki eða breyta kröfunum í 1. mgr. og 3. mgr. 45. gr. verður að fastsetja í samstarfssamningi sem um getur í 3. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB á milli aðildarríkisins og viðkomandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis og tilkynna hann til framkvæmdastjórnarinnar.
- 8) Abú Dabí, Brasília, alþjóðlega fjármálamiðstöðin í Dúbaí, Guernsey, Hong Kong, Indland, Indónesía, Mön, Jersey, Malasía, Máriaús, Rússland, Taívan, Tailand og Tyrkland hafa komið á fót eða eru að koma á fót opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki. Samt sem áður eru upplýsingar um virkni og reglur sem stýra slíkum kerfum ekki fullnægjandi. Til að framkvæma frekara mat í þeim tilgangi að taka endanlega jafngilda ákvörðun að því er varðar slík kerfi er nauðsynlegt að fá viðbótarupplýsingar frá þessum þriðju löndum og yfirráðasvæðum. Því er viðeigandi að framlengja umbreytingartímabilið sem var veitt með ákvörðun 2008/627/EB að því er varðar endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila í viðkomandi þriðju löndum og yfirráðasvæðum.
- 9) Þótt Egyptaland væri ekki talið með í ákvörðun 2008/627/EB, hefur það síðan þá komið á fót opinberu eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki. Til að framkvæma frekara mat í þeim tilgangi að taka endanlega jafngilda ákvörðun að því er varðar Egyptaland er nauðsynlegt að fá viðbótarupplýsingar frá því þriðja landi. Því er viðeigandi að telja með á umbreytingartímabilinu þá endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrirtækja með réttarstöðu lögaðila í Egyptalandi.
- 10) Bermúdaeyjar, Cayman-eyjar, Ísrael og Nýja-Sjáland búa enn ekki yfir opinberu eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki. Þessi þriðju lönd og yfirráðasvæði hafa samt sem áður skuldbundið sig opinberlega með skýrum hætti gagnvart framkvæmdastjórninni með markvissri aðgerðaráætlun til að koma á fót opinberu eftirlits- gæðatryggingar- rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki samkvæmt jafngildum reglum og þeim sem settar eru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Því er viðeigandi að framlengja umbreytingartímabilið sem var veitt með ákvörðun 2008/627/EB að því er varðar endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila í viðkomandi þriðju löndum og yfirráðasvæðum. Samt sem áður ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða framvinduna sem orðið hefur á árinu 2011 hjá þessum löndum og yfirráðasvæðum við samþykkt lagasetningar til að koma á fót opinberu eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki, og meta þörfina á að stytta umbreytingartímabilið að því er varðar þessi þriðju lönd og yfirráðasvæði.

- 11) Endurskoðendurnir og endurskoðunarfyritækini sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil tiltekinna fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila í Argentínu, á Bahamaeyjum, í Síle, Kasakstan, Marokkó, Mexíkó, Pakistan og Úkraínu geta nýtt sér umbreytingartímabilið sem veitt var með ákvörðun 2008/627/EB. Síðan þá hafa þeir ekki veitt upplýsingar varðandi löggjöf um endurskoðun og eftirlitskerfi. Við þessar kringumstæður virðist sem þessi þriðju lönd séu ekki reiðubúin að halda áfram í átt að því að endurskoðunarreglur þeirra verði viðurkenndar af framkvæmdastjórninni sem jafngildar opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðendafyrirtæki í aðildarríkjunum. Því ætti ekki að framlengja umbreytingartímabilið sem þeim var veitt með ákvörðun 2008/627/EB að því er varðar endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila í þessum þriðju löndum.
- 12) Til að vernda fjárfesta, endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila í þeim þriðju löndum sem eru tilgreind í viðaukanum við þessa ákvörðun, eiga þeir/þau einungis að geta haldið áfram endurskoðun á umbreytingartímabilinu í Evrópusambandinu án þess að vera skráð samkvæmt 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB ef þau veita tilskildar upplýsingar. Veiti þeir/þau upplýsingarnar, skulu endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki geta haldið starfsemi sinni áfram með tilliti til áritunar endurskoðanda vegna ársreikninga eða samstæðureikningsskila fyrir fjárhagsár sem hefjast á tímabilinu frá 2. júlí 2010 til 31. júlí 2012. Þessi ákvörðun skal ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkja til að beita rannsóknar- og viðurlagakerfum sínum að því er varðar slíka endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki.
- 13) Þegar félag sem hefur réttarstöðu lögaðila í einu af þriðju löndunum eða á yfirráðasvæðunum sem tilgreind eru í 1. gr. þessarar ákvörðunar er með framseljanleg verðbréf sem eru skráð á skipulegan markað aðildarríkis, en er ekki skráð á markað í því þriðja landi eða á því yfirráðasvæði þar sem það hefur réttarstöðu lögaðila, ættu aðildarríki að tryggja að allt endurskoðunarstarf sem tengist reikningsskilum slíks félags falli undir samstarfssamninga sem hafa verið gerðir við hlutadeigandi þriðja land eða yfirráðasvæði til að ákvarða hvaða opinbera eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi mun gilda um endurskoðendur slíkra félaga. Þegar endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki annars aðildarríkis hefur skuldbundið sig til slíks endurskoðunarstarfs, ættu aðildarríki að vinna saman til að tryggja að endurskoðunarstarfið falli innan gildissviðs opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa þeirra.
- 14) Þegar félag sem er skráð í einu af þriðju löndunum eða á yfirráðasvæðunum sem tilgreind eru í viðaukanum við þessa ákvörðun, er með framseljanleg verðbréf sem eru skráð á skipulegan markað aðildarríkis, en er ekki skráð á markað í því þriðja landi eða á því yfirráðasvæði þar sem það hefur réttarstöðu lögaðila, ættu aðildarríki að vinna með hlutadeigandi þriðja landi eða yfirráðasvæði til að tryggja að allt endurskoðunarstarf í tengslum við reikningsskil slíks félags falli undir opinbert eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi. Þegar endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki annars aðildarríkis hefur skuldbundið sig til slíks endurskoðunarstarfs, ættu aðildarríki að vinna saman til að tryggja að endurskoðunarstarfið falli innan gildissviðs opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa þeirra.
- 15) Á umbreytingartímabilinu skulu aðildarríkin ekki taka jafngildisákvæðanir á landsvisu. Sú staðreynd að endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki, sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil félaga sem hafa réttarstöðu lögaðila í þriðju löndum og á yfirráðasvæðum sem tiltekin eru í viðaukanum við þessa ákvörðun, geta samkvæmt þessari ákvörðun haldið endurskoðunarstarfsemi sinni áfram að því er varðar fyrirtæki sem um getur í 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB, skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin komi á samvinnufyrirkomulagi um einstakar endurskoðanir á gæðatryggingum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkis og lögbærra yfirvalda í þriðja landi.
- 16) Framkvæmdastjórnin skal vakta beitingu umbreytingarfyrirkomulagsins og meta framvindu þriðju landa og yfirráðasvæða sem hafa hlotið umbreytingartímabil eða það framlengt. Við lok umbreytingartímabilsins getur framkvæmdastjórnin úrskurðað um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir hlutadeigandi endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki þriðju landa og yfirráðasvæða. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hvort aðildarríkin hafi átt í erfiðleikum með að hljóta viðurkenningu um jafngildi frá þriðju löndum og yfirráðasvæðum sem þessi ákvörðun varðar í tengslum við opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki aðildarríkanna.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 1. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB skal telja opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki eftirfarandi þriðju landa jafngild opinberum eftirlits-,

gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyirtæki aðildarríkja í tengslum við endurskoðunarstarfsemi varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrir fjárhagsár sem hefjast frá 2. júlí 2010:

1. Ástralíu
2. Kanada
3. Kína
4. Króatíu
5. Japan
6. Singapúr
7. Suður-Afríku
8. Suður-Kóreu
9. Sviss
10. Bandaríkja Norður-Ameríku

2. gr.

1. Aðildarríki skulu ekki beita 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB í tengslum við endurskoðendur og endurskoðunarfyirtæki sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil félaga sem hafa réttarstöðu lögaðila í þriðju löndum og á yferráðasvæðum sem tiltekin eru í viðaukanum við þessa ákvörðun, sem um getur í 1. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar, fyrir fjárhagsár sem hefjast á tímabilinu frá 2. júlí 2010 til 31. júlí 2012 í tilvikum þegar hlutaðeigandi endurskoðandi eða endurskoðunarfyirtæki veitir lögbærum yfirlögum aðildarríkisins allar eftirfarandi upplýsingar:

- a) nafn og heimilisfang endurskoðanda eða viðkomandi endurskoðunarfyirtækis og upplýsingar um lagalegt rekstrarform þess,
- b) lýsing á netinu ef endurskoðandinn eða endurskoðunarfyirtækið tilheyrir neti,
- c) reikningsskilastaðlar og óhæðiskröfur sem beitt hefur verið við viðkomandi endurskoðun,
- d) lýsing á innri gæðaeftirlitskerfum endurskoðunarfyirtækisins,
- e) upplýsingar um hvort og hvenær síðasta endurmat á gæðatryggingu endurskoðandans eða endurskoðunarfyirtækisins var gert og, nema þessar upplýsingar séu veittar af lögbæru yfirvaldi þriðja lands, nauðsynlegar upplýsingar um niðurstöðu endurskoðunarinnar. Ef nauðsynlegar upplýsingar um niðurstöðu síðasta endurmats á gæðatryggingu eru ekki opinberar, skulu lögbær yfirlög aðildarríkis fara með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

2. Aðildarríki skulu tryggja að almenningur sé upplýstur um nafn og heimilisfang endurskoðanda og endurskoðunarfyirtækja sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil félaga sem hafa réttarstöðu lögaðila í þriðju löndum og á yferráðasvæðum sem tiltekin eru í viðaukanum við þessa ákvörðun og um þá staðreynd að opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi þessara landa og yferráðasvæða hafa enn ekki verið viðurkennd sem jafngild samkvæmt 2. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Í því skyni geta lögbær yfirlög aðildarríkja sem um getur í 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB einnig skráð endurskoðendur og endurskoðunarfyirtæki sem annast endurskoðun ársreikninga eða samstæðureikningsskila félaga sem hafa réttarstöðu lögaðila í þeim þriðju löndum og yferráðasvæðum sem talin eru upp í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki notað rannsóknar- og viðurlagakerfi sín á endurskoðendur og endurskoðunarfyirtæki sem annast endurskoðun ársreikninga eða samstæðureikningsskila félaga sem hafa réttarstöðu lögaðila í þeim þriðju löndum og yferráðasvæðum sem talin eru upp í viðaukanum.

4. Ákvæði 1. mgr. skulu vera með fyrirvara um samstarfsfyrirkomulag um gæðatryggingaathuganir lögbærra yfirvalda aðildarríkis og lögbærra yfirvalda þriðja lands eða yferráðasvæðis, sem talin eru upp í viðaukanum, að því tilskildu að slíkt fyrirkomulag uppfylli allar eftirfarandi viðmiðanir:

- a) í því felst framkvæmd gæðatryggingaathugana á grundvelli jafnrar meðferðar,
- b) það hafi áður verið tilkynnt framkvæmdastjórninni,
- c) það hefur ekki áhrif á ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar skv. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin skal vakta stöðu þriðju landa og yferráðasvæða sem talin eru upp í viðaukanum. Framkvæmdastjórnin skal einkum vakta hvort lögbær stjórnvöld þessara þriðju landa og yferráðasvæða sem talin eru upp í viðaukanum sem hafa skuldbundið sig opinberlega gagnvart framkvæmdastjórninni til að koma á fót opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyirtæki hafi komið slíkum kerfum á fót, á grundvelli eftirfarandi meginreglna:

- a) kerfin eru óháð endurskoðunarstarfsgreininni,
- b) þau tryggja fullnægjandi eftirlit með endurskoðunum skráðra fyrirtækja,
- c) starfsemi þeirra er gagnsæ og tryggir að niðurstaða gæðatryggingaathugananna er áreiðanleg,
- d) þau njóta stuðnings af rannsóknnum og viðurlægum með skilvirkum hætti.

Að því er varðar Bermúdaeyjar, Cayman-eyjar, Ísrael og Nýja-Sjáland skal framkvæmdastjórnin einkum endurskoða framvinduna sem orðið hefur við samþykkt löggjafar til að koma á opinberu eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki árið 2011. Framkvæmdastjórnin skal breyta viðaukanum að þessari ákvörðun á viðeigandi hátt, ef nauðsyn krefur.

4. gr.

Ákvæði 10. liðar 1. gr. falla úr gildi þann 31. júlí 2013.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 19. janúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Michel Barnier

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞRÍÐJU LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI

Abú Dabí
Bermúdaeyjar
Brasilía
Cayman-eyjar
Alþjóðlega fjármálamiðstöðin í Dúbaí
Egyptaland
Guernsey
Hong Kong
Indland
Indónesía
Mön
Ísrael
Jersey
Malasía
Máritíus
Nýja-Sjáland Rússland
Taívan
Taíland Tyrkland
